

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
bt. Steinunn Fjóla Sigurðardóttir
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. júní 2013

Varðar: Drög að reglugerð um starfsábyrgðartryggingu hönnuðu og byggingastjóra

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til reglugerðardruga að reglugerð um starfsábyrgðartryggingu hönnuða og byggingastjóra. Meðfylgjandi eru athugasemdir SFF við drögin. Breytingartillögur eða ýmist yfir eða undirstrikaðar.

2. gr.

2. mgr. 2. gr.

SFF leggja til að eftirfarandi málslið verði bætt við 2. mgr. 2. gr. :

Heimilt er að taka ábyrgðartryggingu hönnuða vegna tiltekins verkefnis.

Sambærilegt ákvæði er að finna í 6. gr. þar sem fjallað er um byggingastjóra. Slíkt getur auðveldað hönnuðum sem eru t.d. ekki starfandi hönnuðir en taka að sér einstaka verkefni að fá viðeigandi tryggingu fyrir verkinu án þess að þurfa að taka og greiða iðgjöld fyrir tryggingu í heilt ár.

4. gr. Sameiginleg trygging

SFF leggja til að 4. gr. reglugerðardraganna verði látin niður falla. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að kaupa sameiginlega tryggingu þar sem allir hlutaðeigandi aðilar geta fullnægt tryggingaskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu. Samkvæmt því þarf hver og einn aðili að geta uppfyllt að lágmarki þær 37.000.000 sem váttryggingin þarf að kveða á um. SFF telja því engin rök liggja að baki því að lágmarksfjárhæðir skuli hækka um 10%, þegar sameignileg trygging er keypt þar sem aðilar uppfylla þegar lágmarksfjárhæðir, enda engin aukin áhætta sem fylgir því að keypt er sameiginleg trygging.

7. gr. Brottfall váttryggingar

1. mgr. 7. gr.

Samkvæmt ákvæðinu telst váttryggingatímabili ekki lokið fyrr en 6 vikur eru liðnar frá því slík tilkynning var send váttryggingataka og Mannvirkjastofnun með sannanlegum hætti. Í 3. gr. reglugerðardraganna lýkur váttryggingatímabili í ábyrgðartryggingu hönnuða þegar liðnar eru 4 vikur frá því slík tilkynning var send með sannanlegum hætti. SFF telja engin rök að baki því að fresturinn sé lengri þegar kemur að ábyrgðartryggingu byggingastjóra en hönnuða. Samkvæmt lögum nr. 30/2004, um váttryggingasamninga og 13. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008 er almenna reglan 4 vikur. SFF leggja til að farið verði eftir sömu reglu þegar kemur að ábyrgðartryggingu byggingastjóra enda engin rök sem leiða til annars og leggja því til að í stað 6 vikna verði fresturinn 4 vikur.

3. mgr. 7. gr.

SFF vilja benda á að vísað er í ranga málsgrein 5. gr. en þarna á að vera 4. mgr. 5. gr. og sömu villi er að finna í 3. mgr. 8. gr. þar sem vísað er í 3. mgr. í stað 4. mgr. 5. gr.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur